

Stofnanasamningur

AFL Starfsgreinafélag og Heilbrigðisstofnun Austurlands gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina samkv. ákvæðum greinar 11 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

1. Gildissvið og markmið

1.1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til þeirra félagsmanna í AFLi Starfsgreinafélagi sem ráðnir eru til starfa hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

1.2. Markmið

Samstarfsnefnd er sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að launakerfið taki mið af skipuriti stofnunar
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi
- að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið við yfirmenn sína um að fastar greiðslur, sem ekki er hluti af grunnlaunum, séu teknar inn í föst laun
- að launakerfið stuðli að launajafnrétti kynjanna og gætt sé jafnræðis við ákvörðun launa

2. Starfaflokkar og grunnröðun starfa

Launakerfi stofnunarinnar byggir á flokkun starfa hjá félagsmönum
Starfsgreinasambands Íslands gr. 11.3 í kjarasamningi sem gildir frá 01.05.2015

2.1 Grunnröðun launa

Þegar metið er hvernig starfinu skal raðað til grunnluna, skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni. Tekið skal tillit til eftirfarandi:

- Starfsskipulags og /eða skipurits
- Umfangs starfs
- Ábyrgðar

Eldra samkomulag og eða sérsamningar gilda ekki við röðun nýrra starfsmanna.

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi grunnröðun starfa 1.2.2017 :

NHK
SIS
GK
Se

SS

2.1.1 Eftirfarandi störf grunnraðast í lfl. 9

Frá og með 01.07.2018 grunnraðast eftirfarandi störf í lfl. 10

- a) Almenn störf sem eru unnin undir stjórn annarra s.s störf í eldhúsi, þvottahúsi, býtibúri og ræstingu.
- b) Vinna við umönnun skjólstæðinga HSA, sem unnin eru undir stjórn annarra.

2.1.2 Eftirfarandi störf grunnraðast í lfl. 10

Frá og með 01.07.2018 grunnraðast eftirfarandi störf í lfl. 11

Vinna á deildum þar sem starfsmaður vinnur á vöktum og ber ábyrgð á umönnun sjúklinga þegar ekki eru fagmenntaðir starfsmenn á vakt um helgar, kvöld eða nætur. Miðað er við að starfsmaður hafi a.m.k. 3 mánaða starfsreynslu við umönnun.

3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

Við endurmat á launaröðun skal enginn starfsmaður taka launaflokkalækkun sem er í starfi 1. febrúar 2017

3.1. Starfsreynsla.

Starfsreynsla innan HSA.

- | | |
|--------------------------------|----------------|
| • Eftir 2 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
| • Eftir 5 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
| • Eftir 10 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
- 15 ár taka gildi frá 01.07.2018**
- | | |
|--------------------------------|----------------|
| • Eftir 15 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
| • Eftir 20 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
- 25 ár taka gildi frá 01.07.2018**
- | | |
|--------------------------------|----------------|
| • Eftir 25 ár í starfi hjá HSA | 1 launaflokkur |
|--------------------------------|----------------|

Eftir þriggja mánaða reynslutíma er heimilt að raða starfsmanni samkvæmt ofangreindri töflu allt að 3 launaflokkum hærra en ella ef hann er með starfsvottorð frá öðrum vinnuveitanda með sambærilegt starf. Í framhaldinu gildir þá samanlagður starfsaldur stofnunar og HSA.

Dæmi: Starfsmaður sem raðast með 5 ára starfsaldur frá öðrum vinnuveitanda hækkar um 1 launaflokk eftir 5 ár í starfi hjá HSA og hefur þá fengið flokkinn, eftir 10 ár í starfi hjá HSA.

NKK
SIS

GW

3.2. Menntun.

Við grunnröðun þeirra starfa sem krafist er formlegs náms skal taka tillit til þeirrar kröfu við grunnröðun starfsins.

- a) Hafi starfsmaður framhaldsnám eða sérnám, sem nýtist í starfi, og lokið er með viðurkenndri prófgráðu, skal meta það sérstaklega til hækjunar um allt að two launaflokka. Meta skal hluta af námi samkv. ofangr. til hækjunar.
- Dæmi:** 2 flokkar f. stúdentspróf og þá sem hafa lokið félagsliðabraut. Sjá nánari í fylgiskjali I.
- b) Hækka skal þann sem lokið hefur námskeiði sem nýtist í starfi, með eftирgreindum hætti.
1. Um 1 launaflokk séu námskeið metin að jafngildi a.m.k. 5 eininga
 2. Um 1 launaflokk séu námskeið metin að jafngildi a.m.k. 10 eininga
 3. Um 1 launaflokk séu námskeið metin að jafngildi a.m.k. 15 eininga
 4. Um 1 launaflokk séu námskeið metin að jafngildi a.m.k. 20 eininga.

Einungis er hægt að fá 1 launaflokk fyrir tungumálanámskeið sem kemur að gagni í starfi.

- c) Háskólanám skal meta þannig:
1. 30 ECTS einingar í háskóla = 1 launaflokkur
 2. 60 ECTS einingar í háskóla = 1 launaflokkur til viðbótar
 3. BS/BA háskólanám er hægt að fá 2 launaflokka í viðbót.

Mest er hægt að fá 4 launaflokka fyrir háskólanám.

Við röðun samkvæmt ofangreindu í lið a, b og c skal aldrei meta sama nám eða námskeið tvísvar.

Ein eining er 12 kennslustundir eða 1 vika samfellt. Einungis skulu metin samfelld námskeið, eða námskeiðshlutar sem teljast 1/2 eining hið minnsta, 6 kennslustundir.

Hækjun vegna námskeiða, starfsaldurs og lífaldurs taki gildi mánuði eftir að gögnum er skilað inn til launadeildar HSA.

Mest er hægt að fá 6 launaflokka fyrir menntun.

Nóttun A/H
SIS

3.3. Mat á einstökum störfum innan ramma:

Við röðun einstakra starfa umfram það sem fram kemur í grein 2, er heimilt að hækka starfsmenn um allt að 2 launaflokka alls ef starfsmaður/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- a) Starfsmanni er falin sérstök verkefni sem fela í sér stjórnunarlega ábyrgð 1 launaflokkur.
- b) Starfsmanni eru falin flókin eða sérhæfð verkefni, 1 launaflokkur.

4. Starfsmannaviðtol

Starfsmenn sem starfa samkvæmt samningi þessum skulu hafa rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári.

Tilgangur viðtalsins er:

1. Starfsmaður skýrir frá væntingum sínum og metnaði til að auka færni sína.
2. Yfirmaður og fulltrúi HSA fjallar um það hvernig væntingar og óskir starfsmanns munu nýtast HSA.
3. Aðilar koma sér saman um persónubundna áætlun fyrir starfsmanninn.
Áætlunin taki til námskeiða eða menntunar sem starfsmaðurinn sæki sér til aukinnar færni í starfi. Áætlunin skal tiltaka þá umbun sem starfsmaður má vænta að lokinni áætluninni.

Starfsmenn HSA eiga rétt á því að trúnaðarmaður eða fulltrúi AFLs sé aðili að starfsmannaviðtali.

5. Endurskoðun

Eigi sjaldnar en annað hvert ár getur hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun á samkomulagi þessu, ef breytingar verða á starfsemi stofnunar, eininga innan stofnunar eða á störfum einstakra starfsmanna.

6. Gildistími

Aðilar eru sammála um að samningur þessi taki gildi frá 01.01.2017, fyrir þá starfsmenn sem eru í starfi 1. febrúar 2017.

Egilsstaðir 12. 04. 2017

Fh. AFLs Starfsgreinafélags.

Hóruskeiðarfélag
Sóen Alsethson
Tannrey Brasdóttir

Fh. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Gudjón Hamkesson
Ningy Höoun Gunnarsdóttir
Sigrður Þórunn
Hava J. Svæinbjörn

Fylgiskjal 1

Framhaldsnám eða sérnám sem nýtist í starfi og lokið er með viðurkenndri starfsgráðu skal meta sérstaklega til launaflokkunar.

Dæmi:

Stúdentspróf 2 launaflokkar

Félagsliðabraut 2 launaflokkar. Hækkar í 3 launaflokka frá 01.07.2018

Matartæknir 2 launaflokkar Hækkar í 3 launaflokka frá 01.07.2018

Hússtjórnarpróf 1 launflokkur

Mest er hægt að fá 2 launaflokka

Námskeið sem nýtist í starfi. Einungis skulu metin samfelld námskeið eða námskeiðshlutar, minnst 6 kennslustundir.

Fyrirlestrar sem deildir HSA skipuleggja og eru a.m.k. klst. langir eru metnir 4 saman sem 6 kennslustundir.

Almennt framhaldsskólanám skal meta þannig:

60 einingar í framhaldsskóla = 1 launaflokkur

120 einingar í framhaldsskóla = 1 launaflokkur til viðbótar

Hverjar 60 einingar gamlar í framhaldsskóla verða 102 ein. í nýju kerfi framhaldsskóla.

Hverjar 120 ein. gamlar í framhaldsskóla verða 205 ein. í nýja kerfinu.

Stúdentspróf var 140 ein. í gamla en 240 ein. í nýja kerfinu

Ef einstaklingur er búinn með stúdentspróf bætast ekki 2 launaflokkar við heldur þurrkast 60 einingar (102 nýjar) og 120 einingar (205 ein. nýjar) út og sett stúdent í sérnám í staðinn.

GK
NÍK ÓLSSON
SIS

SJ/S
FB

5 | 5 blaðsíðum

